



Hagstofa Íslands

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/729**  
**komudagur 4.12.2007**

3. desember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Efnahags- og skattanefnd Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, 36. mál, birting skattskrár, bréf nefndarinnar 19. nóvember 2007**

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 þess efnis að opinber birting og framlagning og álagningar- og skattskráa verði lögð af.

Efni þessa frumvarps tengist ekki starfsemi Hagstofunnar á beinan hátt. Hins vegar má benda á að ákveðinn skyldleiki er milli tillagna þessa frumvarps og þeirra meginsjónarmiða sem gilda um meðferð persónubundinna upplýsinga í hagskýrslugerð. Þau sjónarmið liggja til grundvallar tillögum í frumvarpi til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í 10. gr. þess frumvarps segir að í hagskýrslugerð ríki þagnarskylda um allar upplýsingar sem snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar teljast trúnaðargögn og skuli einvörðungu notaðar til hagskýrslugerðar. Ennfremur segir í sömu grein að við birtingu og miðlun hagskýrslna skuli svo sem frekast er unnt komið í veg fyrir að rekja megi upplýsingar til tilgreindra einstaklinga eða lögaðila. Þessi atriði eru ófrávíkjanleg í opinberri hagskýrslugerð um víða veröld, þau eru reist á samþykktum Sameinuðu þjóðanna og siðareglum Alþjóða tölfræðistofnunarinnar og hafa verið teknar upp í verklagsreglur ESB í opinberri hagskýrslugerð. Um þetta er fjallað itarlega í greinargerð fyrrnefnds Hagstofufrumvarps.

Í ljósi þessa og þegar haft er í huga að ákvæði um opinbera birtingu á persónubundnum upplýsingum um álagningu skatta koma naumast vel heim og saman við ákvæði ýmissa mikilvægra laga um vernd persónubundinna upplýsinga, eins og rakið er í greinargerð frumvarpsins, þar með talið þær trúnaðarkvaðir sem áskyldar eru í 1. mgr. 117. gr. tekjuskattslaga, mælir Hagstofan með samþykkt þessa frumvarps.

F. h. r.